



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. október 2023.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um viðurkenningu á þjóðarmorði á Armenum, 140. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar. MRSÍ fagnar tillögunni sem löngu tímabærri og ítrekar að varðveisla og vernd allra þjóðernishópa og menningar þeirra er hluti af því að stuðla að eflingu mannréttinda í heiminum, efla baráttu gegn fordómum og því að auka virðingu fyrir fjölbreytileika jarðarbúa, menningu og tungumálum. Styður MRSÍ þessa þingsályktunartillögu heilshugar því stjórnvöld eiga að grípa hvert tækifæri sem gefst til þess að berjast fyrir mannréttindum, ekki aðeins borgara sinna heldur allra jarðarbúa.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri